

Mál nr. 103/2008

M og Vátryggingafélagið X v/bifreiðanna B og A

Árekstur við bílaplan við bensínstöð Olís við Ánanaust þann 06.05. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 02.06. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 30.06. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni A var ekið af Ánanausti inn á bílaplanið í þann sama mund sem B hugðist aka út af planinu.

Vátryggingafélagið vísar til niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingarfélaganna þar sem talið var að ökumaður B (M) skuli bera ábyrgð á árekstrinum því samkvæmt framhlið tjónstilkynningar, sem báðir ökumenn undirrita, hafi bifreiðin verið á röngum vegarhelmingi.

M gagnrýnir afstöðumynd tjónstilkynningar í málskotinu og aksturslag ökumanns A.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum. Ökumanninum bar að veita umferð um Ánanaust forgang, en þessa gætti hann ekki. Hann virðist hafa staðsett bifreið sína ranglega og ekki hugað nægjanlega að því sem framundan var.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann B.

Reykjavík 8. júlí 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.